

REGLUGERÐ

14
28. jan.

um breyting á reglugerð nr. 34 frá 26. febrúar 1952, um íslenzkar getraunir.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5% af andvirði allra getraunaseðla skal leggja í sérstakan sjóð, en helmingi þess, sem eftir er, skal varið til vinninga.

Fái einn eða fleiri þátttakendur 12 rétt úrslit á seðli, skal hann eða þeir, auk vinningshluta síns, fá aukavinning úr áðurnefndum sjóði. Aukavinningur þessi skal vera það sem er í sjóðnum hverju sinni, þó aldrei yfir kr. 5000.00 á hvern seðil.

Íþróttanefnd ríkisins getur, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, breytt þeim hundraðshluta, sem til vinninga er varið. Þegar greiddir hafa verið vinningar og allur reksturskostnaður íslenzkra getrauna, rennur afgangurinn í íþróttasjóð að frádregnum 3% þeirrar fjárhæðar, er rennur í varasjóð stofnunarinnar.

Varasjóður lýtur stjórn íslenzkra getrauna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN 15

Ársreikningur 1952.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 598.23
Aukning á árinu samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 26.56

Kr. 624.79

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 26.56
------------------------------------	-----------

Kr. 26.56

Gjöld:

Lagt við höfuðstól	kr. 26.56
--------------------------	-----------

Kr. 26.56

Forsætisráðuneytið, 8. janúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.